

Lög Hollnemafélags Listaháskóla Íslands

1. gr.

Félagið heitir Hollnemafélag Listaháskóla Íslands. Félagið er ófjárhagslegt almennt félag sem ekki er rekið í hagnaðarskyni.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Hlutverk félagsins er að efla umræður um nám, kennslu og rannsóknir við Listaháskóla Íslands og styrkja tengsl skólans við fyrrum nemendur sína og aðra þá, er bera hag skólans fyrir brjósti.

4. gr.

Meginmarkmið félagsins eru að:

- vera vettvangur fyrir og stuðla að umræðum um nám, kennslu og rannsóknir á fræðasviðinu listir
- auka og styrkja tengsl Listaháskólans við fyrrum nemendur
- styrkja og styðja við úskriftaranemendur

5. gr.

Allir útskrifaðir nemendur Listaháskólans eiga sjálfkrafa aðild að félaginu. Jafnframt er útskrifuðum nemendum úr Myndlistar- og handíðarskólanum og Leiklistarskóla Íslands boðin aðild að félaginu. Félagsgjöld eru ákvörðuð á aðalfundi félagsins. Stjórn félagsins skal leggja tillögu um fjárhæð félagsgjalds fyrir aðalfund. Félagsgjaldið er valkvætt og rennur í félagssjóð. Félagsgjaldinu er ætlað að standa straum af rekstri félagsins.

6. gr.

Skiptinemar og fyrrverandi nemendur sem ekki hafa lokið námi geta óskað eftir því að fá upplýsingar frá félaginu og er velkomið að taka þátt í viðburðum sem tengjast félaginu.

7. gr.

Tekjur félagsins skulu vera:

- 1) Árgjald félagsmanna.

- 2) Frjáls framlög félagsmanna eða annarra.
- 3) Aðrar tekjur, sem til kunna að falla.

Tekjum félagsins skal varið til að efla tengsl kennslu og rannsókna við LHÍ. Frjáls framlög má merkja ákveðinni starfsemi eða tilteknu verkefni.

8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

9. gr.

Tveir skoðunarmenn skulu kanna reikninga félagsins fyrir liðið reikningsár og árita þá með eða án athugasemda. Skoðunarmenn skulu kosnir á aðalfundi.

10. gr.

Félagsfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

Félagsfundur, aðra en aðalfundi, skal halda þegar stjórn félagsins þykir við þurfa, samkvæmt fundarályktun, eða þegar minnst 15 félagsmenn krefjast þess skriflega, enda segja þeir til um hvers vegna þeir æskja fundar. Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin skal halda fund eigi síðar en innan mánaðar.

Stjórn skal boða til félagsfundar með hæfilegum fyrirvara. Í fundarboði skal stuttlega geta þeirra mála, sem á að fjalla um á fundinum.

11. gr.

Hverjum félagsfundur stýrir kjörinn fundarstjóri. Atkvæðagreiðsla um málefni á félagsfundur fer eftir því sem fundarstjóri ákveður. Skrifleg atkvæðagreiðsla skal fara fram komi fram ósk þess efnis frá a.m.k. helmingi fundarmanna sem mættir eru á þeim fundur sem kosning fer fram.

Afl meirihluta atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundur, nema annars sé getið í lögum félagsins og hver félagur hefur eitt atkvæði óháð því, hvert framlag hans til félagsins er.

12. gr.

Aðalfundur skal halda fyrir lok apríl mánaðar ár hvert og skal boðað til hans með fjögurra vikna fyrirvara hið skemmst og er hann þá lögmætur. Til hans skal boða alla félagsmenn með tölvupósti og auglýsingu í fjölmiðli. Lagabreytingartillögur skulu

berast innan tveggja vikna og dagskrá aðalfundar með lagabreytingartillögum skulu sendar til félagsmanna eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund. Aðeins félagsmenn eiga rétt til setu á aðalfundi.

13. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera þessi:

- 1) Skýrsla og reikningar stjórnar fyrir liðið starfsár.
- 2) Umræður um skýrslu og reikninga.
- 3) Lagabreytingar.
- 4) Ákvörðun félagsgjalds.
- 5) Kosning stjórnar fyrir komandi starfsár.
- 6) Kosning þriggja manna framboðsnefndar.
- 7) Kosning tveggja skoðunarmanna.
- 8) Önnur mál.

14. gr.

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi og þarf til þess meirihluta fundarmanna.

15. gr.

Stjórn félagsins skipa sjö menn: Formaður, ritari, gjaldkeri og fjórir meðstjórnendur. Stjórnin er kjörin til eins árs í senn.

Tilnefndir eru sjö aðilar í stjórn, einn frá hverri deild skólans, einn frá stjórn nemendafélags LHÍ ásamt einum starfsmanni skólans. Við stjórnarkjör skal tryggt að ekki gangi fleiri en fjórir úr stjórn í einu. Formaður skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

16. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa þriggja manna framboðsnefnd. Hlutverk hennar er að leggja fram tillögur um frambjóðendur til kjörs formanns og meðstjórnenda að ári. Áður en nefndin leggur fram tillögur um frambjóðendur skal hafa samráð við viðkomandi einstaklinga. Framboðsnefnd skal hafa samráð við sitjandi stjórn. Framkvæmdaráð Listaháskólans skal tilnefna fulltrúa starfsmanns skólans og skal hann vera frá náms- og kennsluþjónustu.

17. gr.

Heimilt er að bjóða fulltrúa stjórnar félagsins að sitja fagráðsfundi með málfrelsi og tillögurétti.

18. gr.

Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda og sér um að framfylgja samþykktum aðalfundar og lögum félagsins.

Stjórn félagsins ræður málefnum þess með þeim takmörkunum, sem lög þessi setja. Stjórn félagsins tekur nánari ákvarðanir um starfsemi þess, ber ábyrgð á fjárreiðum þess, heldur skrá yfir féлага og framlög og ráðstafar óskilyrtum framlögum.

19. gr.

Samþykktum þessum verður ekki breytt nema á lögmætum aðalfundi, enda greiði 2/3 fundarmanna atkvæði með breytingunni. Tillögur að breytingum þurfa að hafa borist stjórn svo tímanlega að þeirra sé hægt að geta í fundarboði.

20. gr.

Félaginu verður ekki slitið nema á aðalfundi og þá aðeins að 4/5 atkvæðisbærra félagsmanna samþykki þá ráðstöfun. Við félagsslit skal skipa þrjá fulltrúa í sérstakri skilanefnd. Við slit félagsins skulu eignir þess renna til Listaháskóla Íslands.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þannig samþykkt á stofnfundi Hollnemafélags Listaháskóla Íslands þann 11. júní 2015.